

Miðvikudaginn 5. janúar 1994.

Nr. 507/1993.

Protabú SH verktaka hf.

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

Jóni Ólafi Ólafssyni og

Önnu S. Jónsdóttur

(Valgarð Briem hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1993, sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Hann krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að synjað verði kröfu um málskostnaðartryggingu, en til vara að hún verði ákvörðuð lægri fjárhæð. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt fram lagðri kröfulýsingarskrá í þrotabú sóknaraðila voru samþykktar forgangskröfur að fjárhæð samtals 47.944.540 krónur, almennar kröfur samtals 222.574.172 krónur og kröfur utan skuldaraðar samtals 76.630.952 krónur. Svo sem greint er í hinum kærða úrskurði var því lýst yfir af hálfu lögmanns sóknaraðila í þinghaldi 16. nóvember sl., að óvissa væri um verðmæti eigna búsins og jafnvel óvíst hvort forgangskröfur fengjust greiddar úr því. Með vísan til þessa svo og til forsendna hins kærða úrskurðar er rétt að staðfesta hann, enda kemst ný varakrafa sóknaraðila ekki að í kærumálinu, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Frestur til að leggja fram trygginguna ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili greiði varnaraðilum 50.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig að frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili, þrotabú SH verktaka hf., greiði varnaraðilum, Jóni Ólafi Ólafssyni og Önnu S. Jónsdóttur, sameiginlega 50.000 krónur í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 23. nóvember 1993.

Mál þetta var þingfest 2. nóvember sl. og frestað til 9. s.m. Þann dag lagði lögmaður stefndu fram bókun á dómskjali nr. 27, þar sem hann gerir kröfu um að stefnanda verði gert að leggja fram kr. 1.040.000 sem tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti.

Vísar lögmaður stefndu í bókuninni máli sínu til stuðnings til b-liðar 1. mgr. 133. gr. 1. nr. 91/1991 þar sem hann telur að leiða megi líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Í þinghaldinu þann 9. nóvember beindi lögmaður stefndu þeirri áskorun til lögmanns stefnanda að hann upplýsti um eignir búans með tilliti til þess hvort þær stæðu til þess að greiða búskröfur miðað við þær áætlanir sem unnt væri að gera að svo komnu. Var málinu síðan frestað til 16. nóvember sl. til flutnings um málskostnaðartrygginguna. Í því þinghaldi upplýsti lögmaður stefnanda að vegna óvissu um verðmæti eigna í búinu annars vegar og ágreinings um lýstar forgangskröfur hins vegar sé óvíst hvort forgangskröfur fáist greiddar að fullu úr búinu. Hann mótmælti því hins vegar að lögð yrði fram málskostnaðartrygging af hálfu stefnanda og lét þess getið að ljóst væri af gögnum málsins að um réttarsamband væri að ræða milli aðila. Lögmaður stefndu benti m.a. á máli sínu til stuðnings að eigendur bú stefnanda væru margir hverjir fjársterkir aðilar og í lófa lagið að leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir málskostnaði. Af hálfu stefnanda hafa ekki komið fram mótmæli gegn fjárhæð hinnar umkröfðu tryggingar.

Ljóst þykir af því, sem fram hefur komið, að af hálfu stefnanda um stöðu bú hans, að leiða megi líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Eins og hér stendur á þykir ekki skipta máli hvort um forgangskröfu í bú stefnanda er að ræða, falli málskostnaður á hann með dómi í málinu. Þá þykir réttarsamband milli málsaðila, tilgangur og tilefni málshöfðunarinnar ekki ráða lyktum. Þykir því rétt að fallast á sjónarmið stefndu og úrskurða með vísan til b-liðar 133. gr. laga nr. 91/1991 að stefnandi skuli leggja fram málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 1.040.000, og ákveða, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, að hún skuli vera í formi banka-

tryggingar eða jafngildi hennar, innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins að viðlagðri frávísun málsins frá dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, þrotabú SH verktaka, skal setja málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 1.040.000 í formi bankatryggingar eða jafngildi hennar innan tveggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins vegna þingfestingar máls stefnanda gegn Jóni Ólafi Ólafssyni og Önnu S. Jónsdóttur.
